— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* framfœri sveitarómaga. — Í brjefi þessu segir landshöfð. frá, að hann hafi ritað ráðgjafanum fyrir Ísland og beðið hann að leitast fyrir um, hvort Stefán gullsmiður Jónsson, sem ágreiningur var risinn um hvar ætti sveit, yrði eigi viðurkenndur sveitlægur í Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði dvalið meir en 3 ár samfleytt fyrir 1840. Hafi ráðgjafinn skrifað sjer aptur og tjái bœjarstjórnina í Khöfn fúsa á að kannast við sveitfesti Stefáns þar, svo framarlega sem hann hafi eigi unnið sjer sveit að nýju hjer á landi; en því hafði amtmaður neitað með úrskurði 20. nóv. 1874 og dœmt hann á fœðingarhrepp hans, Hálsasveit í Borgarf. Óski bœjarstjórnin í Khöfn að fá að vita, hvort Stefán geti eigi verið kyrr þar, sem hann sje tekinn til framfœrslu, og hvað mikla meðgjöf þurfi með honum. Um þessi atriði biður landsh. amtmann að láta sig fá vitneskju, og, sje Stefán nú dáinn, sem hann hafi heyrt, þá að senda sjer reikning fyrir framfœrslu hans allt til dánardœgurs. **72** 27. júní.

— *Brjef* landshöfðingja *til allra lögreglustjóra í norður- og austurumdæminu og til lögreglustjóranna í Strandasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og í Reykjavík um* útflutninga á fólki. — Með því ráð má gjöra fyrir, að útflutningsskip komi í sumar á hafnirnar í umdœmi yðar, herra lögreglustjóri, verð jeg þjónustusamlega að brýna fyrir yður, að kynna yður sem bezt útflutningslögin frá 14. jan. þ. á., og fara nákvœmlega eptir fyrirmælum þessara laga; og skal sjerstaklega tekið fram það, er nú segir: **73** 28. júní.

1. Skoðunargjörð þá, sem getið er um í 7. gr. laganna, skuluð þjer sjálfir vera við, ef unnt er. Ber yður með 2 tilkvöddum mönnum að skoða nákvœmlega skipið í viðurvist skipstjóra og útflutningastjóra. Eigið þjer að mæla samkvœmt 10. grein laganna rúm það, er ætlað er farþegunum, og sjá um, að því sje skipt eins og þar er mælt fyrir, og að rekkjurnar, er ætlaðar eru útförum, sjeu eins og segir í 12. gr. laganna. Um það sem sagt er í 11. gr. um að nógu mikið lopt eigi að vera í farþegarúminu, skal jeg taka fram, að rúm þetta á að vera að minnsta kosti $5^3/_4$ fet á hæð, eða þá flatarrúm það, sem ætlað er hverjum farþega samkvœmt 10. gr. laganna, að því skapi meira, og verður þar að auki að sjá um, að búið sje svo um loptsmugur m. m., að nœgilegur loptstraumur geti verið undir þiljum, þótt hlerar og gluggar sjeu hafðir aptur. Um skoðunargjörð þessa ber yður að semja skýrslu samkvœmt hjálagðri fyrirmynd **a**.

2. Áður en þjer veitið leyfi það, sem getur um í 7. gr. laganna, til að taka útfara á skip, ber yður að sjá um, að útflutningastjóri hafi sent yður skrá yfir alla þá farþega, er ætlazt er til að fluttir verði frá höfn þeirri, er skipið er komið á; skal skrá þessi samin samkvœmt hjálagðri fyrirmynd **b**, og henni fylgja yfirlit yfir alla útfarana, eins og er á fyrirmyndinni. Þar að auki er sjálfsagt, að útflutningastjóri á að vera búinn að senda yður samrit þau af samningunum, er getur um í 13. gr. laganna, og að þeir verða að hafa verið svo úr garði gjörðir, að þjer hafið ekki haft neitt að athuga við lögmœti þeirra.

Rjett áður en skipið á að leggja á stað, ber yður að fara um borð í það, kalla fyrir yður alla farþega og rannsaka útfaraskrána, og skuluð þjer þá um leið rannsaka, hvort farþegar hafi fengið samninga þá, er þjer hafið samrit af, og, ef útflutningastjóri á að sjá þeim fyrir fœði, að nœgilegar vistir sjeu á skipinu. Skyldi nokkur farþegi þá finna ástœðu til að bera sig upp við yður um viðskipti sín við útflutningastjóra eða skipstjóra, ber yður að rannsaka þegar í stað slíkar kvartanir, og veita útfaranum aðstoð yðar eptir atvikum. Loksins skal tekið fram, að ef enginn af skipstjórnarmönnunum kann íslenzku,

73 28. júní. ber yður að sjá um, að einn af farþegunum verði kosinn túlkur á ferðinni milli skipstjórnarinnar og útfaranna. Að aflokinni þessari rannsókn skuluð þjer skila skipstjóranum öðru exemplarinu af farþegaskránni með áritun yðar.

3. Læknisrannsókn sú, sem getur um í 8. gr. laganna, á einnig að vera um garð gengin áður en þjer veitið leyfi samkvæmt 7. gr., og er sjálfsagt að þjer frestið að veita leyfið þangað til læknir sá, er þjer hafið fengið til að gjöra rannsóknina, hefir framkvæmt hana. Skuluð þjer afhenda lækninum til leiðbeiningar farþegaskrá þá, sem þjer hafið fengið; og ber skipstjóra þar að auki að afhenda lækninum nákvæma skrá yfir skipverja, í tvennu lagi, og skilar hann eptir rannsóknina skipstjóranum öðru exemplarinu með áritun sinni. Nú finnur læknir menn, sem hafa einhverja næma sýki, eða eru svo veikir, að þeir verða ekki taldir ferðafærir, og ber yður þá að sjá um, að þessum mönnum verði haldið eptir.

4. Um allar ráðstafanir yðar í þessu efni ber yður að senda amtmanni áleiðis til mín nákvæma skýrslu, og láta henni fylgja eprirrit af skoðunargjörð og farþegaskrá, eptir hjálögðum fyrirmyndum.

Fyrirmynd **a.**

Skýrsla

um rúm það, er ætlað er farþegunum á útflutningaskipinu N. N. er skipstjóri N. N. er fyrir og á að fara frá N. N. til N. N.

Hvað margar hálflestir (tons) skipið ber.	Flatarmál efstu þilja í □fetum.	Rum á efri miðþiljum eða í lypting á efstu þiljum.		Rúm á neðri miðþiljum		Hvað marga farþega má flytja með skipinu í mesta lagi	
		ferhyrningsfet.	teningsfet.	ferhyrningsfet.	teningsfet.	á efri miðþiljum.	á neðri miðþiljum.

(Stað og dag).

(Nöfn viðstaddra votta). (Nafn lögreglustjóra).

Fyrirmynd **b.**

Skrá

um farþega, sem flytja á með útflutningaskipinu N. N., er skipstjóri N. N. er fyrir og á að fara frá N. N. til N. N.

Nr.	Nafn sjerhvers farþega.	Númerið á samningi hans.	Aldur farþega						Brjóstmylkingur. mánaða.	Staða farþega.	Síðasti verustaður.	Hvar í skipinu farþegi hefir tekið sjer rúm. (í lyptingu, á efri miðþiljum o. s. frv.).
			giptur		ógiptur		barn 1—12 ára					
			karlmaður; ára.	kvennmaður; ára.	karlmaður; ára.	kvennmaður; ára.	Sveinbarn; ára	Meybarn; ára.				

Yfirlit 73 28. júní.

	Giptir		Ógiptir		Börn 1—12 ára		Brjóstmylkingar; tala.	Fullorðnir alls
	karlmenn; tala.	kvennmenn; tala.	karlmenn; tala.	kvennmenn; tala.	Sveinbörn; tala.	Meybörn; tala.		
Farþegar í lyptingu eða á efri miðþiljum								
Farþegar á neðri miðþiljum								
samtals								

(Stað og dag)

(Nafn skipstjóra) (Nafn útflutningastjóra)

Skrá þessa, sem (talan) farþegar eru á, hefi jeg rannsakað í dag umborð í ofannefndu skipi, og er í henni nákvæm skýrsla um alla þá útfara, sem gengið hafa á skip hjer á höfninni.

Þessir útfarar hafa hætt við að fara og ber því að afmá þá af skránni:

(Stað og dag)

(Nafn lögreglustjóra)

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* lestagjald. — 74 30. júní. Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 27. f. m. ritað mjer á þessa leið: «Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað brjef frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, þar sem spurt er um, hvort greiða beri gjald fyrir sjóleiðarbrjef handa jakt, sem á heima í Stavanger í Noregi, og færði í haust, er leið, norsku fiskiveiðafjelagi, sem á sjer heikistöðu á Seyðisfirði, 200 tunnur af salti, nokkuð af tómum tunnum og nokkur matföng, og var það allt ætlað til útvegsins, eptir því sem fiskifjelagið hefir skýrt frá, en eigi til verzlunar; en heimleiðis fór skipið aptur ekki með annað en seglfestu. Og jafnframt hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 19. febr. þ. á. látið það álit í ljósi, að í þessu tilfelli beri að greiða leiðarbrjefsgjald, með því að engin vissa sje til um það, að áminnstir hlutir hafi eigi verið látnir ganga kaupum og sölum, og hafið lagt það til, að hlutaðeigandi sýslumanni verði boðið að láta greiða leiðarbrjefsgjaldið í hinn íslenzka landssjóð.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að sje svo, að ekki hafi verið verzlað með hinar aðfluttu vörur á Íslandi, á ekki að heimta neitt lestagjald af tjeðu skipi, úr því það hefir ekki flutt neinar vörur úr landi aptur, heldur hefir farið með tóma seglfestu, sbr. 5. gr. í tilsk. 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland m. fl., og athugasemdirnar við þessa grein í frumvarpi því til áminnstrar tilskipunar, er lagt var fyrir alþingi 1871.»

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.